

Blað nr. 226

THE Lion

ÍSLENSK ÚTGÁFA



We Serve

September / október 2004



September / október 2004 Blað nr. 226
THE LION IN ICELANDIC
FJÖLUMDÆMI 109
Multiple District 109 Iceland

Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknensku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi THE LION á íslensku:
FJÖLUMDÆMI 109

Tímariðið the Lion kemur út sex sinnum á ári.

Lionssskrifstofan, Sóltúni 20, 105 Reykjavík
er opin frá kl. 12.00 til 15.00
Sími 561 3122
Fax: 561 5122
e-mail / netfang: lions@lions.is
Heimasíða Lions: lions.is

Ritstjóri:

Ólafur Briem
Grundarlandi 22, 108 Reykjavík,
Sími: 561 3122, netfang: lions@lions.is

Setning, umbrot, prentun:

Prentsmiðjan Gutenberg hf.
Siðumúla 16, 108 Reykjavík

Umsjón auglýsinga: í blað 225 - Lkl. Njörður
í blað 226 - Lkl. Fjörgyn

Ljósmyndari forsiðumyndar er Ása L. Aradóttir

FJÖLUMDÆMISRÁÐ FJÖLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2004-2005

Pórunn Gestsdóttir, fjölmæðisstjóri
Geir Hauksson, umdæmsstjóri 109 A
Stefán Skarphéðinsson, umdæmsstjóri 109 B
Árni Stefán Guðnason, fjölmæðisgjaldkeri
Óm Gunnarsson, fjölmæðisritari og netstjóri
Kristinn Hannesson, unglingskviptastjóri
Hrund Hjaltadóttir, fræðslustjóri
Margrét Jónsdóttir, félaganefndarstjóri
Einar Þórðarson, félagastjóri
Jón Bjarni Þorsteinsson, alþjóðasamkiptastjóri og fv. Alþjóðastjórnarmaður
Halldór Kristjánsson, kynningarstjóri
Þórólfur Árnason, LCIFstjóri
Edda J. Briem, Lionsleiðsögumaður
Pórhildur Gunnarsdóttir, Lions-Queststjóri
Magnús B. Einarson, MedicAlertstjóri
Jón Eyjólfur Jónsson, menningarstjóri

Magnús Steingrímsson, mynja og skjalavörður
Pór Steinarsson, NSR/AU samstarfsnefndarmaður
Norðurlanda
Ólafur Briem, protokolstjóri og ritstjóri Lionsblaðsins
Guðmundur Bjarnason, sjónverndar- og heilbrigðisstjóri
Sigrún Steinsdóttir, umhverfisstjóri
Pálmi Hannesson, útbreiðslustjóri
Laufey Jóhannsdóttir, útbreiðslustjóri kvenna
Guðmundur Finnbogason, verkefnastjóri
Hörður Sigurjónsson, þingstjóri
Guðmundur Rafnar Valtýsson, varaumdæmsstjóri 109 A
Valdimar Þorvaldsson, varaumdæmsstjóri 109 B
Björn Guðmundsson, fv. alþjóðastjórnarmaður

Frankvæmdastjórn Lionsshreyfingarinnar 2004-2005:

International President Clement Kusiak, Maryland, USA.
Immediate Past President Dr. Tae-Sup Lee, Seoul, Republic of Korea.
First Vice President Ashok Mehta, Mumbai, India.
Second Vice President Jimmy Ross, Quitaque, Texas, USA.

Alþjóðastjórnarmenn 2004-2005:

Lowell J. Bonds, Hoover, Alabama, USA.
Gary L. Brown, Urbana, Ohio, USA.
Vara Prasad Chigurupati, Vijayawada, Andhra Pradesh, India.
Jules Coté, Shelburne, Vermont, USA.
Hans Ulrich Dätwyler, Schattdorf, Uri, Switzerland.
Nelson Diez Perez, Asuncion, Paraguay.
Asoka de Z. Gunasekera, Nugegoda, Sri Lanka.
Randy L. Heitmann, Cambridge, Nebraska, USA.
Erkki J.J. Laine, Espoo, Finland.
E. Robert Lastinger, Wesley Chapel, Florida, USA.
Howard Lee, Farnham, England.
Dr. Gen Okubo, Nagasaki, Japan.
William R. „W.R.“ O'Riley, Maryville, Missouri, USA.
James Sherry, Sackville, Nova Scotia, Canada.
Dr. Wing-Kun Tam, Hong Kong, China.
Gary Tschache, Bozeman, Montana, USA.
Walter R. „Bud“ Wahl, Streator, Illinois, USA.
Luis Alfredo Almansa.
William E. „Bill“ Anderson, Hanover, Pennsylvania, USA.
Sebastiao Braga, Belo Horizonte, Brazil.
Richard P. Chaffin, Forest, Virginia, USA.
Bill Crawford, Encinitas, California, USA.
Clifford (Cliff) S.A. Heywood, North Shore City, New Zealand.
Jan A. Holtet, Rasta, Norway.
Dr. Mikio Ishibashi, Otaru, Japan.
Somsakdi Lovisuth, Bangkok, Thailand.
Sergio Maggi, Bari, Italy.
Don Reese, Eunice, New Mexico, USA.
G. Durwand „Dur“ Robertson.
Maynard Ruchks, Minnesota, USA.
A.P. Singh, Kolkata, India.
Kee-Jung Woo, Kyung San, Republic of Korea.
Ernest „Ernie“ Young, Jr., Lansing, Kansas, USA.

Ritstjórapistill

Til eru fræ - eða hvað?

Boðskapur forsiðumyndarinnar að þessu sinni er tvenns konar. Það er farið að hausta og það er kominn tími til að líta í kring um sig og gá að því hvernig birki-fræ-búskapurinn er í ár.

Þeir eru án efa fáir sem ekki hafa einhvern tímunn á lífsleiðinni tekið undir hugljúfan söng Hauks Mortens um fræ Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi.

Til eru fræ, sem fengu þennan dóm að falla í jörð, en verða aldrei blóm.

Þannig er upphaf ljóðs sem svo heldur áfram með samlíkingu um það sem öndvert fer í lífinu, um skip sem aldrei landi ná, iðgræn lönd er sökkva í djúpin blá, von sem hefur vængi sína misst, varir sem að aldrei geta kysst, elskendur sem aldrei geta mæst, drauma sem aldrei geta ræst, ljóð sem lifna og deyja í senn og lítil börn sem aldrei verða menn.

Þótt dæmin séu mörg um það sem Davíð talar um í ljóði sínu, þá eru þau sem betur fer fleiri að fræ frjövngist, skip ná landi, ótal varir kysst, elskendur mætist, draumar ræstist og börn-in verði menn.

Vegna áhuga okkar félaganna í Lkl. Fjölmi á birki-fræsöfnun hafði ég samband við Svein Runólfsson og Guðjón Magnússon hjá Landgræðslu ríkisins

og spurðist fyrir um hvernig fræ-búskapurinn væri nú um stundir en þeir eru manna kunnugastir því á hverjum tíma. Er skemmst frá því að segja að lítið virðist um fræ þetta árið. Þetta kemur heim og saman við það sem klúbbfélagi minn Viggó E. Maack sagði mér um daginn, en hann hefur áralanga reynslu af stjórnun fræsöfnunar í klúbbnum. Sigrún Steinsdóttir, Lkl. Eir, umhverfisstjóri Lionsshreyfingarinnar, hefur líka lítið í kring um sig, og sagði hún mér að í könnun hennar hefðu skipst á „skin og skúrur“ þannig að mikill munur gat verið milli trjáa þótt þau stæðu hlið við hlið.

Fjölmi félagar höfðu ráðgert eina allsherjar fræsöfnunar-fjölskylduhelgi þar sem tekið yrði á móti fræjum í Lionsheimilinu en því hefur nú verið frestað til næsta árs í von um betri tíð þegar þar að kemur.

Þótt ekki verði af því að við Fjölmi félagar verðum eins stórtækir í ár og við höfðum ætlað okkur, munum við halda uppteknum hætti, á ögn lægri nótum að vísu, og sjái fólk í haust-rökkrinu undarlega menn á þvælingi innan um birkitré og runna hér og hvar á Reykjavíkursvæðinu, þá eru þar sennilegar félagar í Fjölmi eða öðrum Lionsklúbbum á ferð í leit að fræjum.

Líkbíllinn

Lionssskrifstofan er opin frá 12 - 15 á daginn og þar vinnur ristjórinn í hlutastarfi. Honum fannst í frásögu færandi að þegar hann kom í vinnuna fyrir skömmu var líkbíll af flottustu gerð fyrir framan skrifstofur Lions. Ristjórinn tók sér góðan tíma til að ganga frá bil sínum á bílastæðinu, gekk svo yfir til þeirra sem við líkbíllinn stóðu og tjáði þeim að hann væri, þrátt fyrir háan aldur, bara hreint ekki tilbúinn.

Þarna reyndust komnir tveir félagar úr Lionsklúbba Siglufrjarðar sem tóku

ávarpi ristjóra afar vel, ristjórinn fengi frest, en þeir þyrftu að losa sig við söfnunarbauka frá rauðufjarðarsöfnuninni síðustu, síðan þyrftu þeir að drífa sig norður á Sigló til að safna, um helgina, fyrir bílnum sem Siglufrjarðarklúbburinn ætlar að gefa Siglufrjóðingum. Er mér til efs að nokkrir söfnunarbaukar í rauðufjarðarsöfnuninni hafi fengið eins virðulegan flutning og baukarnir frá Siglufrjóðingum.

Siglufrjóðingar, gangi ykkur vel söfnuninn og takk fyrir frestinn.

Fundartímar Lionsklúbba á Stór-Reykjavíkursvæðinu

Nafn klúbbs:	Fundardagar:	Fundartími:	Fundarstaður:
Ásbjörn	1. og 3. fimmtudagur	kl. 19.00	Dalshraun 15
Bessastaðahrepps	1. og 3. fimmtudagur	kl. 19.00	Íþróttahúsið
Eik	1. og 3. þriðjudagur	kl. 19.00	Garðaholti
Garðabæjar	2. og 4. þriðjudagur	kl. 19.30	Kirkjulundur, Garðabæ
Hafnarfjarðar	2. og 4. fimmtudagur	kl. 19.00	Dalshraun 15
Kaldá	2. og 4. þriðjudagur	kl. 19.00	Gaflinn
Eir	1. og 3. mánudagur	kl. 19.00	Lionsheimilið
Fjölmi	2. og 4. þriðjudagur	kl. 19.00	Lionsheimilið
Freyr	1. og 3. mánudagur	kl. 18.45	Hótel Saga
Reykjavíkur	1. og 3. fimmtudagur	kl. 18.30	Versalir, Hallveigarstig
Ægir	2. og 4. miðvikudagur	kl. 18.30	Kringlukráin
Kópavogs	2. og 4. miðvikudagur	kl. 19.00	Lundur, Auðbrekku
Muninn	1. og 3. miðvikudagur	kl. 19.15	Lundur, Auðbrekku
Seltjarnarness	2. og 4. þriðjudagur	kl. 19.00	Félagsh.Seltjn.
Viðarr	1. og 3. miðvikudagur	kl. 19.00	Lionsheimilið
Ýr	2. og 4. mánudagur	kl. 19.15	Lundur, Auðbrekku
Þór	1. og 3. þriðjudagur	kl. 19.00	Lionsheimilið
Baldur	2. og 4. miðvikudagur	kl. 18.15	Kaffi Reykjavík
Engey	2. og 4. mánudagur	kl. 19.30	Lionsheimilið
Njörður	1. miðvikudagur	kl. 18.00	Kaffi Reykjavík
Váli	2. og 4. þriðjudagur	kl. 20.00	Grensáskirkja
Fjörgyn	2. og 4. fimmtudagur	kl. 19.00	Garfarvogskirkja
Fold	1. og 3. mánudagur	kl. 19.00	Kringlukráin
Mosfellsbæjar	2. og 4. fimmtudagur	kl. 19.00	Hlégarður
Týr	2. og 4. miðvikudagur	kl. 18.45	Lionsheimilið

Athugasemd:

Upplýsingar þær um fundartíma Lionsklúbba sem hér eru birtar eru með fyrirvara þar sem sumir klúbbar breyta stundum fundarstað og tíma fyrirvaralaust.

Efnisyfirlit:
Klúbbatíðindi
Koma alþjóðaforseta
Kynning varaforseta
Keppni um fjölgun félaga
Sjómannslíf
Friðarveggspjaldið
Danskir dagar

Ásgeir Eiríksson, Lkl. Baldri

Lionsklúbburinn Baldur

Hörkutól í hálföld



Næðsta röð frá vinstri: Magnús Erlendsson, Geir Fenger, Benedikt Kristjánsson, Oddur Eiríksson, Ásgeir Eiríksson, Pétur Hansson, Njáll Símonarson, Skúli Halldórsson og Sturla Friðriksson.

Miðröð frá vinstri: Einar Þorsteinsson, Örn Þór, Markús Alexandersson, Haraldur Þórðarson, Elías Hergeirsson, Steindór I. Ólafsson, Karl Ágúst Ragnars, Benedikt Antonsson, Kristján Oddsson, Friðrik Jörgensen, Karl Eiríksson og Finnþogi Eyjólfsson.

Efsti röð frá vinstri: Björn Hermannsson, Arnar Gíslason, Guðmundur Ólafsson, Ólafur Ó. Johnson, Baldur Árnason, Sigurður Valur Ingólfsson, Othar Örn Petersen og Ragnar Borg.

Á mynd vantar: Árna Bragason, Birgi S. Bjarnason, Odd Kristjánsson, Ólaf W. Stefánsson, Skúla Karlsson og Þórð Þorkelsson.

Það voru 12 ungir og framsýnir menn sem tóku saman höndum vorið 1953 og ákváðu að stofna nýjan Lionsklúbb. Fyrir var Lionsklúbbur Reykjavíkur, sem hafði verið stofnaður 2 árum fyrr. Í apríl þetta sama ár var klúbburinn síðan stofnaður og fékk hann nafnið Baldur. Sjálf stofnskrárhátíðin var síðan haldin 24. október, og miðast afmælisdagur klúbbsins æ síðan við þá dagsetningu. Nú, rúmum 50 árum síðar starfa enn 2 af þessum stofnfélögum í klúbbum, þeir Njáll Símonarson (sem var fyrsti formaður klúbbsins) og Geir Fenger. Þessir félagar eru enn í fullu fjöri og virkir félagar sem mæta á næstum hvern fund.

Vöxtur og stefnumótun

Baldur óx og dafnaði, og mikill kraftur varð strax í starfseminni því margir áhugasamir menn gengu til liðs við klúbbinn. Straumhvörf urðu í upphafi 7. áratugarins þegar Baldursfélagar fengu úthlutað landskíka í Svartártorfum við Hvítárvatn á Kili til að hefjast þar handa við uppgræðslu örfoka lands. Á þessum tíma voru landsmenn smátt og smátt að

vakna til vitundar um þýðingu þess að sporna við fótum vegna gróður-eyðingar og landrofs. Þetta var gert strax frá upphafi í nánú samstarfi við Landgræðsluna, sem veitt hefur ómetanlega aðstoð við uppbyggingu þessa þýðingamikla starfs.

Grasaferðir

Frá byrjun hefur árlega verið efnt til sérstakra grasaferða í Baldurs-

haga, en svo heitir landsvæðið. Í upphafi var höfuðáhersla lögð á að friða landið, stinga niður rofabörð ásamt því að leggja net til að hefta uppblástur og auðvelda gróðri að skjóta rótum. Í seinni tíð hefur aðallega verið sáð áburði og grasfræi á mela og holt og er því gróðurlendi svæðisins sífellt að stækka. Árangurinn af þessu starfi er undraverður og ber Baldursfélögum gott vitni um merkt starf.

Stjórnarandstaðan

Fundirnir í Baldri hafa löngum þótt líflægir. Til margra ára hefur sjálfskipuð stjórnarandstaða starfað innan Baldurs, að eigin sögn til að veita stjórninni nauðsynlegt aðhald hverju sinni. Starf stjórnarandstöðunnar hefur ekki beðið hnekki þótt

meðlimir hennar skipist í stjórn klúbbsins, hún er áfram virk og á sinn þátt í að gera fundi Baldurs fjöruga og skemmtilega þar sem léttleikinn er ávallt í fyrirrúmi, í hæfilegri blöndu við fróðleik og göfugt starf.

Tímamót

Baldursfélagar héldu veglegan afmælisfagnað í mars 2004, þar sem 50 ára afmælisins var minnst. Fagnaðurinn var haldinn í Hlégarði í Mosfellsbæ, þar sem Baldursfélagar ásamt mökum sínum áttu saman ánægjulega kvöldstund og nutu góðra veitinga og skemmtiatriða. Hörður Sigurjónsson fjölumdamisstjóri afhenti klúbbum gjöf frá fjölumdaminu af þessu tilefni, og nokkrir félagar hlutu viðurkenningar fyrir langa veru sína í klúbbum.

Eikarkonur bregða út af vananum

Eikarkonur koma hressar að vanda til starfa eftir gott sumar. Á síðari hluta þessa starfsárs á klúbburinn 20 ára afmæli og ætlum við af því tilefni að gera ýmislegt öðruvísi í vetur en venjulega.

Við ætlum t.d. að hafa októ-

berfundinn opinn og bjóðum allar konur velkomnar til að kynna sér starf Lionshreyfingarinnar, sjá hvernig við í Eikinni störfum og sjá hvort þær hafa áhuga á að ganga til liðs við Lions. Fundurinn verður haldinn 19. október kl 19:00 í Garðabergi, Kirkjulundi 4, Garðabæ og er þetta matarfundur.

Ef konur eiga þess ekki kost að koma á þennan fund, eru þær velkomnar á hvaða fund sem er. Fastir fundir Lkl. Eikar eru þriðja þriðjudag í hverjum mánuði, haldnir á sama stað og tíma. Ýmis verkefni eða aðrar samkomur eru á milli funda.

Verið velkomnar til að eiga

ánægjulega kvöldstund með okkur í Lkl Eik 19. október nk.

Matarverð kr. 1.500. Þátttaka tilkynnist formanni, Lilju Hallgímsdóttur S. 565 7634 eða 862 0574 eða formanni veitinganefndar, Guðrínu Eggertsdóttur S. 565 1711 eða 898 8797

Alþjóðaforseti Lions, Clement F. Kusiak

Deilum árangri af félagapróun

Þarfir samfélagsins aukast og til þess að svara þeim verðum við að fá fleiri féлага í hreyfinguna. Það undirstrika einkunnarorð okkar fyrir starfsárið 2004-2005, „Deilum árangrinum af því að leggja lið“.

Ég hef gert það að markmiði að fjölga félögum í hreyfingunni um 5% á starfsárinu. Hér er átt við nýliðun, endurheimt fyrri féлага og stofnun nýrra klúbba ásamt betri árangri við að koma í veg fyrir brottfall. Allir þessir þættir eru veigamiklir ef okkur á að takast að ná þessari 5% fjölgun. Inntaka nýrra féлага styrkir klúbbana og stofnun nýrra klúbba styrkir hreyfinguna. Eftir sem áður verður það einnig höfuðatriði að forðast brottfall enda því oft haldið fram að það séu fleiri fyrrverandi



Clement F. Kusiak

Lionsfélagar í heiminum en starfandi félagar

Ég er sannfærður um að fjölgun í hreyfingunni er möguleg og ég mun veita viðurkenningar fyrir árangur. Formaður klúbbs sem fjölgar um 20 féлага eða fleiri á starfsárinu fær sérstaka viðurkenningu.

Félagapróun er svo mikilvæg að ég hef beðið forustu hreyfingarinnar á öllum stigum að ábyrgjast árangur á starfsárinu og að þessi þróun haldi áfram á komandi árum. Þeir sem standa munu í stafni þessarar forustusveitar er sex manna hópur yfirstjórnarmanna auk tveggja reyndra Lionsféлага sem skipaðir verða.

Með því að fá fleiri til liðs við

okkur eru því engin takmörk sett hversu miklum árangri við getum náð. Ég veit að það eru menn og konur sem mundu taka fegins hendi boði um að ganga til liðs við stærstu hjálparklúbbasamtök heims. Finn-um þau og bjóðum þeim að njóta ánægjunnar af því að vera með.

Það verður ekki auðvelt að halda stöðugum félagafjölda og fjölga. Í raun er ekkert sem er einhvers virði auðvelt. Við þurfum að leita nýrra féлага sjálf því þeir munu ekki koma og banka upp á hjá okkur. Verum þess minnug að félagapróun er á ábyrgð hvers einasta Lionsféлага. Ef við eigum að ná takmarkinu, verðum við að vinna að því í sameiningu. Öxlum ábyrgðina og deilum árangrinum af þróun félagskapparins.

Alþjóðaforseti Lions, Clement F. Kusiak

Deilum árangrinum af því að leggja æskunni lið

Lionsklúbbar leggja víða lið. Á sviði sjón- og heyrnverndar eru byggðar vinnustofur, spítalar og heilsugæslustöðvar, aðstoð er veitt þeim sem orðið hafa fyrir barðinu á náttúruhamförum og þannig mætti lengi telja. Annað í alþjóðastarfi Lionshreyfingarinnar sem félagar verja til fleiri klukkustundum og meira fé en til annarra verkefna eru verkefni sem snúa að þörfum ungs fólks.

Dæmi um þetta eru Leoklúbbarnir. Félagsskapur í Leoklúbba er góður undirbúningur fyrir verðandi leiðtoga og gerir félaganum grein fyrir ábyrgð sinni sem hluti af samfélags- umhverfinu. Á þessu starfsári legg ég áherslu á aukinn þátt Leoféлага með því takmarki að fjölga Leofélögum um þrjú prósent.

Unglingastarf er svo mikið og fjölbreytt að allir Lionsklúbbar ættu að

geta tekið þátt í því. Stuðningur við skátahreyfinguna, friðarvegspjaldsverkefnið eða Lions-Quest eru dæmi um þetta ásamt unglingskíptum.

Milljónir barna eru í áhættuhópi. Vandir þeirra sem eru heimilislauð og við tölum um sem „götubörn“ er sýnilegur. En víða búa börn í skugga fátæktar, valdbeitinga, vímuefna, veikinda og fötlunar. Þeirra vandi er ekki eins sýnilegur. Þótt Lionsfélagar og aðrir hópar geti ekki brugðist við öllum þessum vandamálum, þá geta þeir brugðist við með því að taka höndum saman við aðrar stofnanir sem vinna að þessum málum. Við gerum þetta með samvinnu við Special Olympics og með tengslum okkar við UNICEF, barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna.

Ég bið þess að allir Lionsklúbbar taki þátt í nýju Lionsverkefni fyrir börn og unglinga í þeim tilgangi að

stýðja æskufólk sem býr við mótlæti, börn í vanda.

Á þessu starfsári mun ég veita Lionsklúbbum sem skipuleggja og þróa verkefni fyrir ungt fólk sérstakan fanaflipa til viðurkenningar fyrir árangur þeirra við að deila árangrinum af því að leggja æskunni lið. Unga kynslóðin í dag verður fullorðin á morgun og þau gildi og kunn-

átta sem þeim lærist nú gerir þau hæfari að takast á við vandamál sem verða á vegi þeirra í framtíðinni. Þið, sem Lionsfélagar leggið þannig ykkar lóð á vogarskálarnar við að tryggja þeim betri framtíð um leið og þau gera sér grein fyrir eigin ábyrgð að deila árangrinum með þeirri kynslóð sem fylgir í þeirra fótspor.

Sjón barna

Eftir Jay Copp, fulltrúa alþjóðastjórnar

Síðustu átján mánuði hafa Lionsfélagar í Thailandi verið tíðir gestir í bekkjum yngri skólanema. Thailand er eitt af marklöndunum í Asíu fyrir augnskoðun ungmenna og augnheilsufræðslu. Fyrir frumkvæði LCIF og Johnson & Johnson hefur sjón 1.1 milljón barna verið skoðuð og rúmlega 27.000 börn fengið framhaldsskoðun sem bjargað hefur sjón sumra og lagfært sjón og tryggt námsmöguleika annarra. Sjónverndarverkefni barna er samvinnuverkefni Lions, opinberra aðila og einkafyrirtækja og hefur Johnson og Johnson fyrirtækið lagt 545.000 dollara til verkefnisins.

Nærsýni er mikið vandamál í Asíu. Í sumum löndum Asíu eru meira en 15% barna undir 15 ára aldri með verulega skerta sjón.

EKKI hefur tekist að finna og veita aðstoð við helmingi allra geislabrotsgalla, (nearsightedness, farsightedness and astigmatism).

Verkefnið hefur borið mjög góðan árangur. Í Kóreu, til dæmis, hefur það náð til meira en helmingis ungmenna og þessi árangur hefur náðst með kostnaði sem aðeins hefur numið 55 centum á barn.

Sjónverndarverkefni barna hefur sameinað þúsundir Lionsféлага og hundruð starfsmanna Johnson & Johnson til beinnar þátttöku. Yfir 500 kennarar, hjúkrunarkonur og Lionsfélagar hafa verið þjálfaðir til að annast skoðanir. Verkefnið er framhald 3.75 milljóna dollara verkefnis sem stofnað var til af LCIF og WHO, Heilbrigðisstofnun Sameinuðu þjóðanna til útrýmingar barnblindu.



Kynning á fyrsta varaforseta Lionshreyfingarinnar

Ashok Mehta

Ashok Mehta frá Sion-Mumbai, Maharashtra, Indlandi, er fyrsti varaforseti Lionshreyfingarinnar. Hann var alþjóðastjórnarmaður á árunum 1986 til 1988 og hefur verið félagi í Lionsklúbbum Bombay-Sion frá 1963. Hann var 100% umdæmisstjóri og er fyrrverandi formaður Lionsspítalans og heilsugæslustöðvarinnar í Bombay. Ashok Mehta hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir störf sín innan hreyfingarinnar, meðal annars fyrir að vera meðmælandi 200 nýrra félaga. Hann er margfaldur Melvin Jones félagi, hefur tekið þátt í fjölda samfélagsverkefna og er stjórnarformaður og í framkvæmdastjórn fjölda fyrirtækja.

Ashok Mehta og kona hans Kokila,



eiga eina dóttur, Shital, og bæði Kokila og Shital eru Melvin Jones félagar.

Kynning á öðrum varaforseta Lionshreyfingarinnar

Jimmy M. Ross

Jimmy M. Ross, sem er frá Quitaque í Texas, er annar varaforseti Lionshreyfingarinnar. Hann er félagi í Lionsklúbbi Quitaque hefur verið umdæmisstjóri, fjöllumdæmisstjóri og fjöllumdæmisritari og var, alþjóðastjórnarmaður á árunum 1996-1998. Hann hefur sinnt ótal embættum á vegum umdæmis síns og fjöllumdæmis og hefur átt þátt í stofnun yfir 200 klúbba.

Jimmy M. Ross hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir framlag sitt til hreyfingarinnar. Hann er fyrrverandi dómari en hefur nú látið af störfum. Jimmy M Ross og kona hans Velda, eiga þrjár dætur og eina dótturdóttur.



Það munar um smáaurana

Eftir J. Copp



Hvað skyldi nú vera sammerkt með 100.000 Lionsfélögum á hverju starfsári? Jú, þeir verða stuðningsfélagar með því að leggja af mörkum að minnsta kosti 20 dollara hver til LCIF. Þessi smáupphæð gerir gæfumuninn, því að fyrir verð eins bíomiða getur LCIF greitt fyrir sjónaðgerð í Afríku og Suður Asíu.

Stuðningsfélagar LCIF skiptast í þrjá flokka. Þá sem leggja af mörkum 20 dollar, 50 dollara og 100 dollara. Þeir sem eru í fyrsta flokkninum fá fyrir framlag sitt sérstakt barmmerki, þeir sem eru í öðrum flokkninum fá barmmerki með silfurkransi og þeir sem eru í þriðja flokkninum fá barmmerki með gullkransi.

Stuðningsprógrammið er árlegt og

barmmerkið er ætíð merkt því starfsári sem stuðningurinn var veittur. Stuðningsfélagsaðild ásamt Melvin Jones félagsaðild er grundvöllur stuðnings LCIF. Á starfsárinu 2003-2004 var fjöldi fjárveitinga 458 og nam heildarupphæðin 20 milljónum dollara.

Stuðningsfélagsaðild er með ýmsum hætti. Margir Lionsfélagar ákveða hver um sig að verða stuðningsfélagar ár eftir ár og í sumum klúbbum styðja allir félagarnir LCIF með þessum hætti.

Formaður LCIF starfsárið 2004-2005 er Dr. Tae-Sup Lee.



Til allra klúbba

Takið þátt í keppni um fjölgun félaga

Lumar klúbburinn þinn á óbrigðulli aðferð við að laða að nýja félaga – skotheldri hugmynd sem alltaf virðist virka?

Félagadeild alþjóðaskrifstofunnar (Membership Programs Department) leitar að bestu og snjöllustu hugmyndum klúbba um heim allan í því að fjölga félögum. Hvort sem um er að ræða djarfa, frumlega, nýja hugmynd, tilbrigði við hefðbundna tækni eða viðtekna aðferð sem aldrei hefur klikkað í þínum klúbbi, óskar félagadeildin eftir að fá að heyra um hana.

Með því að taka þátt í keppninni verðið þið fyrirmynd annarra klúbba í viðleitni við að fjölga félögum um leið og þið hjálpið öðrum klúbbum um heim allan að bæta nýliðunaraðferðir sínar. Fimmtíu verðlaun verða veitt Lionsklúbbum á hverju skipulagssvæði.

- ✓ **1 fyrstu verðlaun: Alþjóðleg borðfánaborg**
- ✓ **10 önnur verðlaun: 3'x5' alþjóðafáni Lions**
- ✓ **39 þriðju verðlaun: Lúxus „We serve“ fáni**

Ath: Umdæmisstjóvar verðlaunaklubbanna fá samskonar verðlaun í viðurkenningarskyni.

Keppnisreglur og umsóknareyðublað verða póstlögð til allra klúbba. Umsóknnum skal skila fyrir 1. desember 2004. Úrslit verða kunngerð í janúar 2005.

Óskið þið frekari upplýsinga um keppnina sendið þá netpóst á memberprogram@lionsclubs.org.

Jósef H. Þorgeirsson, fv. fjöllumdæmisstjóri, Lkl. Akraness

Minning Akurnesinga

Á skömmum tíma hefur Lionsfólk á Akranesi kvatt með trega þrjá mæta félagi úr klúbbum sínum, Lionsklúbbi Akraness og Lionsklúbbum Eðnu. Hjónin Margrét Guðbrandsdóttir og Guðmundur Einar Sveinsson létu lífið í hörmulegu slysi er bifreið þeirra lenti í Akraneshöfn hinn 30. mars sl. og Eiríkur Þorvaldsson andaðist á Sjúkrahúsi Akraness 19. ágúst sl.



Margrét Guðbrandsdóttir og Guðmundur Einar Sveinsson

Margrét Guðbrandsdóttir fæddist í Reykjavík 13. september 1929 og voru foreldrar hennar hjónin Kristín Ólafía Einarsdóttir og Guðbrandur Guðmundsson.

Guðmundur Sveinsson fæddist að Kringlu í Torfalækjarhreppi í Austur-Húnavatnssýslu 17. janúar 1928 og voru foreldrar hans hjónin Teitný Guðmundsdóttir og Sveinn Kristófersson sem lengst af bjuggu á Blöndubakka í Refasveit og síðar á Skagaströnd.

Margrét lauk gagnfræðaprófi í Reykjavík 1946 og vann fyrst á eftir

við verslunarstörf í bókabúð. Guðmundur fór í Bændaskólann á Hvanneyri 1945 og lauk þaðan burtfararprófi 1947. Veturinn 1951 – 1952 sótti hann síðan nám við Sjómannaskólann í Reykjavík og lauk þaðan fiskimannaprófi á einum vetri og fékk hæstu einkunn sinna skólafélaga. Síðan starfaði Guðmundur um áratugaskeið sem skipstjóri og stýrimaður á fiskiskipum og farskipum við góðan orðstír.

Margrét Guðbrandsdóttir og Guðmundur Einar Sveinsson hófu búskap á Skagaströnd árið 1952 og gengu í hjónaband 17. janúar 1953. Til Akraness fluttu þau 1955 og þar stóð heimili þeirra til æviloka.

Margrét og Guðmundur tóku mikinn þátt í félagsmálum á Akranesi. Hún starfaði fyrir Slysavarnarfélagið og var þar í forustu um árabíl. Hann starfaði fyrir skipstjóra- og stýrimannafélagið Hafþór. Saman störfuðu þau fyrir Félag eldri borgara á Akranesi og saman störfuðu þau af miklum þrótti innan Lionshreyfingarinnar.

Guðmundur gerðist félagi í Lionsklúbbi Akraness hinn 18. mars 1980 og varð þegar traustur og starfsfús félagi, sem tók virkan þátt í störfum klúbbsins.

Margrét var meðal stofnenda Lionessklúbbs Akraness 19. janúar 1981 og kjörinn fyrsti formaður hans. Hún var einnig í hópi stofnenda Lionsklúbbsins Eðnu er hann var stofnaður upp úr Lionessklúbbi Akraness 20. maí 1997. Þau hjónin störfuðu af miklum áhuga og þrótti

fyrir klúbba sína og voru ætíð reiðubúin til allra starfa í þágu þeirra málefna er klúbbarnir beittu sér fyrir. Margrét Guðbrandsdóttir var gerð að Melvin Jones félagi fyrir störf sín innan Lionshreyfingarinnar hinn 3. maí 2003.

Margrét og Guðmundur áttu saman fjögur börn og fyrir hjónaband átti Margrét einn son.



Eiríkur Þorvaldsson

Eiríkur Þorvaldsson fæddist á Akranesi 22. febrúar 1918 og voru foreldrar hans hjónin Sigríður Eiríksdóttir og Þorvaldur Ólafsson. Sem ungur maður stundaði Eiríkur sjómennsku á bátum frá Akranesi en lærði múraraiðn hjá Sigurði Símonarsyni og lauk því námi 1954. Hann starfaði ekki við iðnina í mörg ár eftir að náminu lauk heldur gerðist hann símamaður og varð um árabíl hjálparhella Akurnesinga þegar eitthvað bjátaði á í síma-málum.

Frá unga aldri tók Eiríkur Þorvaldsson virkan þátt í margháttuðum félagsmálum. Hann gekk ungur til liðs við knattspyrnufélagið Kára og var í forustu félgsins, m.a. formaður um tíma.

Önnur samtök íþróttamanna nutu einnig starfskrafta hans um árabíl, sérstaklega Knattspyrnuráð og Íþróttabandalag Akraness og var hann sæmdur viðurkenningum fyrir störf sín á þeim vettvangi. Eiríkur starfaði mikið fyrir Taflfélag Akraness og var meðal stofnenda Golfklúbbsins Leynis.

Hinn 3. desember 1959 gekk Eiríkur Þorvaldsson til liðs við Lionsklubb Akraness og varð þegar meðal áhugasömustu félagi klúbbsins og tók mikinn og farsælan þátt í öllum störfum og verkefnum sem til féllu hverju sinni. Hann gegndi fjölmörgum trúnaðarstörfum fyrir klúbbinn af stakri trúmennsku og gott var til hans að leita.

Eiríkur Þorvaldsson var gerður að ævifélaga hinn 30. apríl 1991 í virðingarskyni fyrir vel unnin störf innan klúbbsins.

Eftirlifandi eiginkona Eiríks Þorvaldssonar er Lionskonan Guðrún Finnbogadóttir og áttu þau saman tvö börn.

Fyrir hönd Lionsfólks á Akranesi votta ég aðstandendum okkar mætu félagi dýpstu samúð í sorgum þeirra og bið algóðan Guð að styrkja þau og styðja á erfiðum tímum.

Einar Long Siguroddsson, Lkl. Muninn

Kveðja frá Lionsklúbbum Muninn, Kópavogi

Góður félagi okkar, Árni Ragnar Árnason alþingismaður, hefur lokið jarðvist sinni eftir hetjulega baráttu við illvigan sjúkdóm. Með jákvæðri reisn stóð hann keikur meðan stætt var og horfði í ljósið.

Árni mun hafa gengið til liðs við Lionshreyfinguna 1987, en hann

gekk í Lionsklubb Keflavíkur, en varð félagi í Lionsklúbbum Muninn um áratug síðar þegar hann flutti í Kópavog. Árni var virkur og góður Lionsfélagi og þrátt fyrir erilssamt starf sem þingmaður lagði hann sig fram við að rækja starf sitt sem Lionsmaður. Honum var m.a. falið að sitja fyrir hönd klúbbsins í stjórn Sunnuhlíðar, hjúkrunarheim-

ilis aldraðra í Kópavogi. Hann fékk einnig ýmsa merka fyrirlesara til að heimsækja klúbbinn. En fyrir okkur klúbbfélagana verður frábærlega vel skipulögð og skemmtileg vorferð um Suðurnesin sem hann stjórnaði, okkur mjög minnisstæð.

Lionsmenn sem með starfi sínu reyna að leggja öðrum lið, uppskera kunningskap og vináttu sem gefur

lífi þeirra aukið gildi. Þannig vann Árni Ragnar sér eftirtektarverðan sess í hugum okkar í Lionsklúbbum Muninn. Blessuð sé minning um góðan félagi.

Innilegar samúðarkveðjur sendum við konu hans, Guðlaugu P. Eiríksdóttur, börnum og fjölskyldum þeirra.

Guðmundur Finnbogason, útbreiðslu- og kynningarfulltrúi, 109-B

Hugarflug í Barentshafi

Í vinnslunni um borð í frystitogara fer hugurinn oft á flug, maður hugsar margt m.a. um Lionshreyfingunna, hvað ég er að gera í henni og hvað mætti betur fara að mínu mati til að Lionsstarfið verði markvissara í hinum ýmsu þáttum – þar er ég engin undantekning.



Guðmundur Finnbogason

eiga þeir að þekkja sitt landslag. Þar er ég að tala um styrkingu á hlekkjum Lionshreyfingarinnar.

Hlekkir – keðja

Hver hlekkur í keðju er mikilvægur, í okkar keðju eru klúbbar og einstaklingar í þeim.

Rætt hefur verið um litla

klúbba, oftast að þeir væru veikir. Ef grannt er skoðað eru þeir jafnvel sterkir þótt fámennir séu og þjónusta þeirra við byggðarlagið er til fyrirmyndar. Fjölmennir klúbbar þurfa ekki alltaf vera þeir sterkustu. Það sem við höfum fyrir verður að hlúa að, það er of mikil hreyfing út miðað við inn í Lionshreyfingunna. Þar verða allir að taka sig á bæði háir sem lágir og stoppa þessa þróun. Fyrir um það bil 12 árum var verið að spá í þriðja umdæmið, en í dag höldum við rétt tveimur umdæmum.

Nýr klúbbur

Þann 5. júní á síðasta starfsári var stofnaður nýr Lionsklúbbur, Lionsklúbbur Skagastrandar á Skagaströnd. Móðurklúbburinn er Lkl. Blönduóss og eru stofnfélagar 22.

Hvað verður úr verki á þessu starfsári er erfitt að spá, en ég er búinn að kortleggja B-umdæmið, á eftir að yfirfara staðreyndir þess máls en vænti þess að svæðisstjórar verði meðvirkir í þessum málaflökki enda

Naflaskoðun

Lionsklúbbar fara oft í naflaskoðun þegar þeim finnst eiga við, enda er til sérhannað eyðublað til þess. En spurning er, þyrftu ekki fjöllumdæmis- og umdæmisstjórnir að gera slíkt hið sama? Eftir höfðinu dansa limirnir og þó að Lionsfélagar mæti á þingin þá er lítið sagt, það vilja fáir segja það sem þeim er ofarlega í huga, heldur tala um það annarsstaðar.

8. október

Er þjónustudagur okkar Lionsfélaga ekki 8 október? Í þessum mánuði ætti að fara fram landskyrning á Lionshreyfingunni ár hvert sem Lionsklúbbar og félagar gætu nýtt sér til átaks á sínum heimaslóðum hreyfingunni til styrktar. Kannske er ég of ihaldsamur en mér finnst eins og þessi dagur/mánuður sé ekki nýttur sem skyldi og Lionsfáninn okkar ætti að blakta við hún þennan dag, **allir saman nú!**

Lokahugarflug

Hvað er sjómaður að taka að sér

embætti, þegar hann t.d. núna er 40 daga í burtu, lítið um fréttir að heiman – einangraður í Barentshafi, svo sex daga innivera, út aftur kannski 40 daga, svo kemur langþráð frí. Þessi hugsun hefur oft komið í huga mér og margir aðrir spáð í það. Stundum hef ég verið á leið út úr Lions, en þá fengið krefjandi verkefni sem gaman hefur verið að takast á við – með mismunandi árangri – sem ég læt aðra dæma um. Að vera í Lions er frábært, enda frábært fólk sem maður er búinn að kynna í gegnum tíðina, því vill maður alls ekki fórn.

Aðalatriði

Ágæti Lionsfélagi; átt þú ekki einhvern frábæran vin eða vinkonu sem vill vinna með okkur í að leggja öðrum lið og vinna í stærstu líknar- og þjónustusamtökum heims, LIONS.

Veri hún/hann velkomin/n í Lionsfjöldskylduna.

Sveinn Ingason, formaður Lkl. Kópavogs

Kveðja frá Lionsklúbbi Kópavogs



Tyrfingur Sigurðsson
Látinn 30. júní 2004.

Fallinn er í valinn Tyrfingur Sigurðsson byggingameistari. Tyrfingur gekk til liðs við Lionsklúbb Kópavogs árið 1966 og hafði því þjónað þeirri merku hugsjón „við leggjum lið“ í 38 ár.

Tyrfingur var mikill félagsmála- maður og tók virkan þátt í starfi og leik klúbbs síns frá fyrstu tíð. Hann hafði gegnt nánast öllum trúnaðarstörfum í Lionsklúbbi

Kópavogs, verið nefndarmaður, nefndarformaður stjórnarmaður og formaður. Tyrfingur var raun- góður maður og gott til hans að leita með verkefni úr klúbbstarfinu, þau voru ávallt vel af hendi leyst. Tyrfingur var mikill gleðimaður og hrókur alls fagnaðar á gleðistundum og tóku þau heiðurs- hjón Tyrfingur og Sigrún góðan þátt í skemmtistarfi klúbbsins jafnt innanlands sem utan.

Á 45 ára afmælisfundi Lionsklúbbs Kópavogs hinn 14. maí sl. hlaut Tyrfingur Sigurðsson æðstu viðurkenningu, sem Lionsmanni getur hlotnast er félagar hans í Lionsklúbbi Kópavogs gerðu hann að Melvin Jones félagi. Með Tyrfingi er fallinn frá mikill og góður Lionsfélagi og verður hans sárt saknað. Megi góður Guð styrkja Sigrúnu og börn þeirra hjóna á erfiðum tímum, öðrum aðstandendum vottum við félagar í Lionsklúbbi Kópavogs okkar dýpstu samúð.

Friðarveggspjaldið

Ítölsk stúlka „skapar bjarta framtíð“

Vittoria Sansebastiano, tólf ára gömul stúlka frá Novi Ligure, Ítalíu er sigurvegari samkeppninnar um Alþjóða friðarveggspjald Lionshreyfingarinnar starfsárið 2003-2004. Var henni boðið til New York á degi Lions hjá Sameinuðu þjóðunum 12. mars, þar sem alþjóðaforsætinn, Dr. Tae-Sup Lee, afhenti henni staðfestingarskjal og ávísun að upphæð 2.500 dollarar.

Veggspjald Vittoríu var valið fyrir frumleika og listrænt gildi um tema samkeppninnar sem var „Skapið bjartari framtíð“. Yfir 350.000 börn á aldrinum frá 11-13 ára tóku þátt í þessari 16. árlegu samkeppni. Hingað til hafa þrjár milljónir barna í um það bil 100 löndum tekið þátt í samkeppninni.

Það tók Vittoríu yfir 40 klukkustundir að ljúka veggspjaldinu. Um listaverkið sagði hún að kertaljósíð lýsti leiðina til bjartari framtíðar og að kertavaxið blandaði saman friði frá hinum ýmsu löndum heimsbyggðarinnar.

Í tilefni af viðurkenningunni fékk Vittoria hamingjuóskir frá bæjarstjóranum í Novi Ligure. Eftirmyndir af listaverkinu hanga á veggjum skólans og mörg blöð hafa fjallað um viðurkenninguna.

Vittoria tók þátt í keppninni fyrir skóla sinn fyrir tilstilli Lionsklúbbsins í Novi Ligure.



Pórunn Gestsdóttir fjöllumdæmisstjóri Hreyfiaflið og heiðurinn

Lionsklúbbarnir eru skipaðir athafnasömu og félags-sinnuðu fólki – segir í nýlegu viðtali í Morgunblaðinu við alþjóðaforseta LCI, Clement F. Kusiak Hann segir einnig: að Lionsfélagarnir væru hreyfiaflið sem gerir hreyfinguna að því sem hún er í dag og þeirra, félaganna, væri heiðurinn af velgengni hennar.

Árlegur viðburður innan Lionshreyfingarinnar á Íslandi er heimssókn alþjóðaforseta LCI. Á alþjóðaföringinu er haldið var í Detroit í júlí sl. sumar var Clement F. Kusiak kjörinn alþjóðaforseti til eins árs. Hann og kona hans Jeanne komu hingað til Íslands í heimssókn laugardaginn 28. ágúst sl. og héldu áfram för sinni um heimsins lönd snemma þriðjudaginn 31. ágúst og var þá förinni heitið til Tyrklands.

Eitt fyrsta verk þeirra hjóna var að hitta Lionsfélaga í Lionsheimilinu við Sóltún, en þar var opið hús með hlýju viðmóti gesta og góðum veitingum er félagar í Lionsklúbbnum Fold reiddur fram af mikilli snilld – þökk sé þeim.

Clement F. Kusiak flutti stutt ávarp í Lionsheimilinu, hann hvatti féлага til að efla enn Lionshreyfinguna og minnti á helstu áherslur sínar á embættisárinu en þær eru m.a. að hvetja til fjölgunar féлага. Þrátt fyrir mikinn styrk Lionshreyfingarinnar á heimsvísu er nauðsynlegt að efla ennfrekar starfið og fá inn fleiri féлага, sagði hann.

Sýn á samfélagið

Af heimssókn Kusiak-hjónanna er rétt að geta þess að víða var farið til að veita gestum okkar innsýn í íslenskt samfélag og hvernig og hvar ýmis Lionsverkefni hafa komið okkar samfélagi til góða.



Gantast á Landspítalalóðinni. Einar félagastjóri, Þórunn og Kusiak.

Við heimssóttum Reykjalund, skoðuðum Hlein (Lionshúsið), fórum á Barnaspítala Hringsins en þar hafa Lionsklúbbar m.a. komið að málum með tækjakaupum.

Við skoðuðum einnig og fengum upplýsingar um nýja tækið á LSH sem félagar í Lkl. Viðarri hafa staðið fyrir söfnun á (hjartsláttartruflunar-tækið).

Annar þáttur heimssóknarinnar var að kynna einnig land og þjóð og tekið mið af aðstæðum. Haldið var austur að Nesjavallavirkjun og skundað á Þingvelli.

Akstur í vetnisknúnum strætisvagni um götur Reykjavíkur og fyrirlestur Dr. Braga Árnasonar um vetni. Sá þáttur heimssóknarinnar var sérstaklega á dagskrá fyrir verkfræðinginn C.F. Kusiak sem hefur komið að slíkum málum á sínum heimslóðum. Við nutum fróðlegrar leiðsagnar góðs Lionsfélaga sem er forstjóri - Strætó bs. -

Heimssókn í Medicare/Flögu veitti innsýn í merkilega starfsemi og teng-

ingu við heimaland alþjóðaforseta og Ísland. Heimssóknin til Hr. Ólafs Ragnars Grímssonar forseta Íslands að Bessastöðum var einkar ánægjuleg og þakka ber hlýlegar og skemmtilegar móttökur þar.

Hressilegar voru móttökurnar hjá Lionsfélögum í Lkl. Ásbirni en eftir gróðursetningu á einni trjáplöntu í „forsetareit“ þeirra féлага var boðið upp á veitingar með sérstakar íslenskar afurðir á borðum.

Veðurguðirnir sýndu nánast allar sínar hliðar og tóku sem sagt virkan þátt í móttöku okkar góðu gesta.

Vorlesningin

Allt sem gert er orkar tvímælis það á sannarlega við um mannanna verk.

Verk Lionsmanna eru fjölbreytt og skapa orðstír hreyfingarinnar. Í þeirri sköpun er hvert og eitt okkar mikilvægur hlekkur í keðjunni. Keðjan er stór og hreyfiaflið er s.s. LIONS-FÉLAGINN.

Fjölgun féлага er nauðsynlegur hvati sem ýtir undir meiri orku og virkara og sterkara afl. Heimaslóðir og heimsbyggðin öll njóta góðs af okkar virka hreyfiafli. Það er enn brýn þörf á að huga frekar að sjónverndar-barna-unglinga og umhverfismálum, svo nokkrir af mörgum málaflokkum sem Lions sinnir, séu nefndir. Hér á Íslandi er saga Lions eftirtektarverð.

Í upphafi hvers starfsárs eru lagðar línur um starfið framundan – við byrjum á nýjum kafla. Við skrifum sjálf hvert orð í þennan kafla. Við ættum að setja okkur það markmið að hver kafla verði skemmtileg lesning vorið 2005.

Við erum hreyfiaflið og okkar er heiðurinn.



Forsetar á Bessastöðum.



Í höfuðstöðvum Ásbirninga að lokinni gróðursetningu.



Ljómandi alþjóðaforsetahjón í vetnisstrætó.



Guðrún Yngvadóttir og Jón Bjarni alþjóðasamskiptastjóri með alþjóðaforsetafrúnni við Hlein.



Hvatningarsvipinn vantar ekki.



„Velkominn í Lionsheimilið, alþjóðaforseti“.



Þórunn með á nótunum en alþjóðaforseti hefur sínar efasemdir. Ólafur Briem, Þórunn og Kusiak.



Kusiak ræðir við alþjóðasamskiptastjóra og ritstjóra Lionsbláðsins.



Jeanne alþjóðaforsetafrú ræðir við umdæmissjórarahjónin Jörundi og Geir Hauksson.



Fylgst með af athygli.



Gríðarleg kátina braust út eftir að alþjóðaforseta hafði tekist að gróðursetja tré í Forsetalundi Ásbirninga þrátt fyrir að illa viðraði.



Jeanne alþjóðaforsetafrú ritaði að sjálfsgöðu nafn sit í gestabók Lionsheimilisins.

Pórhildur Gunnarsdóttir Lions-Queststjóri fjöllumdæmis 109

Að vaxa úr grasi

Lionshreyfingin og Námsgagnastofnun undirrita samning um útgáfu námsefnis í lífsleikni

Þann 10. september síðastliðinn var undirritaður samningur Lionshreyfingarinnar á Íslandi, Námsgagnastofnunar og Hjálpar sjóðs alþjóðahreyfingar Lions (LCIF) um að halda áfram farsælu samstarfi um útgáfu námsefnis í lífsleikni sem gjarnan hefur verið kennt við Lions-Quest. Útgáfa lífsleikniefnisins **Að ná tökum á tilverunni** hefur verið samstarfsverkefni Námsgagnastofnunar og Lionshreyfingarinnar til margra ára og nú bætist við nýtt efni, **Að vaxa úr grasi**, sem ætlað er nemendum í 1. til 5. bekk grunnskóla.

Titill námsefnisins á frummáli er „Skills for Growing“ en þýðendur þess eru Jenný Guðrún Jónsdóttir og Þóra Elísabet Kjeld.

Námsefnið **Að vaxa úr grasi** er heildstætt námsefni í lífsleikni fyrir börn á aldrinum fimm til tíu ára. Lögð er áhersla á fjögur færnisvið:

- **Ábyrgð**
- **Góða dómgreind**

- **Sjálfsaga/sjálfsvirðingu**
- **Virðingu fyrir öðrum**

Meginmarkmið námsefnisins eru að:

- Virkja nemendur, fjölskyldur þeirra, skóla og samfélag til að skapa námsumhverfi sem byggist á umhyggju fyrir öðrum, miklum væntingum og virkri þátttöku.
- Búa nemendum aðstæður til að læra félags- og tilfinningalega hæfni sem nauðsynleg er til að lifa heilbrigðu og árangursríku lífi.
- Styrkja tengsl barna við fjölskyldu sína, jafnaldra, skóla og samfélag.
- Stuðla að jákvæðum og heilbrigðum lífsstíl.
- Meta fjölbreytileika að verðleikum og stuðla að virðingu fyrir öðrum.

Áhersla er lögð á fimm meginþætti sem snerta heim barnsins á einn eða annan hátt.

Þættirnir eru í grófum þáttum eftirfarandi:

Námsefni. Þar er um að ræða kennarabók fyrir hvern árgang 1. til 5. bekkja og leikskólastig að auki.

Fjölskyldan. Hvatt er til þess að foreldrar eða fjölskyldan taki virkan þátt í námi barnsins.

Jákvæður skólaandi. Í námsefninu er lögð rík áhersla á jákvætt andrúmsloft í skólanum og námsumhverfi sem einkennist af stuðningi og hvatningu.

Samfélagið. Lögð er áhersla á að tengja námið grenndarsamfélagi, m.a. með því að stuðla að samvinnu

við aðrar stofnanir og félagasamtök á svæðinu eða byggðarlaginu.

Námskeið fyrir kennara. Boðið er upp á námskeið fyrir kennara sem ætla að kenna efnið. Símenntunastofnun Kennaraháskóla Íslands sér um framkvæmd námskeiðanna.

Áframhaldandi samstarf Lions og Námsgagnastofnunar er mjög jákvætt fyrir hreyfinguna. Sérstaklega er jákvætt að verið sé að undirbúa útgáfu af mjög góðu námsefni fyrir yngri börnin.

Hrund Hjaltadóttir fræðslustjóri MD 109

Fróður félagi er góður félagi

Nú er vetrarstarfið að fara af stað á fullri ferð og allir klúbbformenn hafa fengið bréf frá fræðslustjóra þar sem námskeið þau sem í boði eru á næstunni eru kynnt. Það er ósk okkar að þið, ágætu félagar, finnið eitthvað spennandi og við ykkar hæfi á

dagskrá vetrarins og verðið eins dugleg og áður að sækja námskeiðin sem í boði eru á vegum Lionshreyfingarinnar. Öll námskeiðin eru kynnt á vefsíðu Lions.

Fræðslunefnd reynir á hverju ári að bjóða upp á eitthvað nýtt og eru eftirfarandi námskeið ný á dagskrá vetrarins:

Kynningarnámskeið

Námskeiðið er ætlað kynningarstjórnum klúbbanna og umdæmanna og að sjálfsögðu öllum þeim öðrum sem hafa áhuga á að kynna sér hvernig við getum komið klúbbunum okkar á framfæri við fjölmiðla.

Námskeiðið verður mánudaginn 4. okt. kl. 20:30–22:30 í Lionsheimilinu Sóltúni 20.

Kennarar eru Halldór Kristjánsson Lkl. Ásbirni og Björn Jóhann Björnsson blaðamaður.



Rund Hjaltadóttir

Fundarsköp

Námskeiðið er ætlað fyrir alla Lionsfélaga.

Námskeiðið verður fimmtudaginn 14. okt. kl. 20:00–22:00 í Lionsheimilinu Sóltúni 20.

Kennari: Halldór Kristjánsson Lkl. Ásbirni.

Heimasíðugerð

Námskeið fyrir þá sem hafa áhuga á að koma upp heimasíðu fyrir klúbbinn sinn. Fjöldi þátttakenda miðast við 14 nemendur.

Námskeiðið verður tveggja kvöld námskeið þ.e. miðvikudagskvöldin 3. nóv. og 10. nóv. og verður haldið í húsnæði Tölvu- og verkfræðipjónustunar Grensásvegi 16, Rvk.

Kennarar: Halldór Kristjánsson Lkl. Ásbirni, Kristinn Hannesson Lkl. Mosfellsbæjar og Örn Gunnarsson Lkl. Ásbirni.

Eins og undanfarin ár geta klúbbar og svæðisstjórar pantað hin ýmsu námskeið sem í boði eru með því að hafa samband við fræðslustjóra.

Fræðslunefnd óskar Lionsfélögum um allt land velfarnaðar í starfi vetrarins.



Viðstödd undirritun samnings voru Pórhildur Gunnarsdóttir, Aldís Yngvadóttir ritstjóri hjá Námsgagnastofnun, Hörður Sigurjónsson og Þórunn Gestdóttir og frá Námsgagnastofnun, Valgerður Ásgeirsdóttir.



Undirskrift farmhaldssamnings um lífsleikniefnið **Að ná tökum á tilverunni**.

Pálmi Hilmarsson, formaður Lkl. Laugardals

Unglingabúðirnar 2004

Dagana 18.–30. júlí voru starfræktar á Laugarvatni alþjóðlegar unglingsbúðir á vegum Lionshreyfingarinnar á Íslandi. Í búðunum voru 14 unglingar sem komu frá 11 þjóðlöndum. 4 komu frá Danmörku en hinir voru frá Svíþjóð, Hollandi, Noregi, Belgíu, Austurríki, Slóvakíu, Króatíu, Finnlandi, Sviss og einn kom alla leið frá Japan. Búðir sem þessar hafa verið reknar nokkrum sinnum hér á landi og í staðinn hefur Lionshreyfingin sent íslensk ungmenni utan. Megintilgangur búða sem þessara er að efla kynni og skilning milli þjóða og má því segja að nafn búðanna sé táknrænt en þær voru kallaðar

Golden Circle

Að þessu sinni var öll dagskrá og umgjörð búðanna í höndum Lionsklubbanna á Suðurlandi og skiptu þeir með sér verkum í umsjón og dagskrá hvers dags fyrir sig.

Lkl. Skjaldbreiður reið á vaðið og fór með þau í skoðunarferð á Sólheima, Kerið, Þrastaskóg, kirkjuna á Búrfelli, Írafossvirkjun, Þingvelli og að lokum var grillað fyrir þau við Steingrímsstöð.

Lkl. Laugardals og Lkl. Geysir fóru með þau daginn eftir í Skálholt, Espiflöt, að Haukadals, Geysi, Gullfossi og síðan inn í Skálpanes svo þau gætu gengið á jökli. Dagurinn endaði svo í mat í Úthlíð.



Því næst var farið til **Vestmannaeyja** en þar voru þau í góðu yfirlæti í þrjú daga.

Þau fóru síðan á hestbak á laugardag og á sunnudag fóru **Lkl. Selfoss og Lkl. Embla** með þau inn í Þórsmörk. Á mánudag var farið í Hveragerði og helstu fyrirtæki og stofnanir skoðaðar auk hverasvæða í leiðsögn **Lkl. Hveragerðis**. Þriðjudagurinn fór svo í gönguferð yfir Hengilinn í ágætu veðri og Nesjavallavirkjun skoðuð. Þann dag var **Lkl. Þorlákshafnar** með þau og einnig þann næsta en þá var farið í Þorlákshöfn og meðal annars farið í

fiskverkun og hellirinn Arnarker genginn nánast á enda.

Landkynningargildi unglingskipta

Hópurinn var frá fyrsta degi mjög samstæður og góður og fann sér nóg að gera á kvöldin. T.d. kenndi pilturinn frá Japan eitt kvöldið hinum að skrifa nöfnin sín á japönsku. Óhætt er að fullyrða að krakkarnir hafi fengið mikið út úr ferðinni hingað en þetta er í leiðinni mikil landkynning því krakkarnir verða að tala um ferðina í sínum heimaklúbbum á fundum í vetur. Á hverjum degi

tóku þau ógrynni mynda sem sendar voru gegnum netið á þeirra heimaslóðir á kvöldin. Áður en þau komu í búðirnar voru krakkarnir í eina viku á heimilum Lionsmanna í Reykjanesbæ að mestu en tvö fóru vestur á firði. Til að gera þessar búðir mögulegar voru margir sem styrktu okkur og er hér með komið á framfæri þakklæti til Sveitarstjórnar Bláskógabyggðar, Kennaraháskóla Íslands íþróttaskor, Guðnabakarís, Bónuss, Guðmundar Tyrtingssonar og annarra sem lögðu til styrki á einn eða annan hátt.

Marta Ásgeirsdóttir, Lkl. Eðnu

Eðalréttir Eðnukvenna

Starfið í Eðnu var fjölbreytt og blómlegt á síðasta starfsári. Það eina sem háir okkur er að erfiðlega gengur að fjölga í klúbbum.

Bókaútgáfan

Við í Eðnu blönduðum okkur í júlábókaútgáfuna fyrir síðustu júl, gáfum út matreiðslubókina Eðalréttir Eðnukvenna í 500 eintökum og seldist bókinn upp. Bókinn, sem var að öllu leyti unnin af félögum undir forystu fjárflyunarnefndarinnar, var seld í verslunum í bænum og vinum og vandmönnum. Til stendur að

prenta 50-100 eintök í viðbót núna í vor.

Stuðningur við Kvinnadeild

Ákveðið var að gefa ágóðann af útgáfunni til Kvinnadeildar Sjúkrahúss Akraness, þar sem ný og glæsileg deild var opnuð 30. apríl sl. Afhenti Svanhildur Thorstensen, formaður Eðnu, Önnu Björnsdóttur, deildarstjóra, gjafabréf að upphæð 400 þúsund krónur sem var eyrnamerkt veggmónator fyrir verðandi mæður og óskaði deildinni góðs gengis og barnaláns í framtíðinni.



Lif og fjör við að flokka og gorma bókina góðu.

Á undanförunum árum hefur klúbburinn stutt vel við Sjúkrahús Akraness og ýmsar aðrar stofnanir í bæjarfélaginu. Jafnframt styður

klúbburinn fyrir hver júl einstakling eða fjölskyldu sem á í erfiðleikum vegna veikinda, slyss eða dauðsfalls.

Geir Hauksson, umdæmistjóri 109A

Við leggjum lið

Klúbbaheimsóknir

Þegar ég skrifa þessar línur er ég einnig að undirbúa mínar fyrstu klúbbaheimsóknir, að þessu sinni til nokkurra klúbba á Austfjörðum. Óhætt er að segja að ég horfi til þessa verkefnis með eftirvæntingu og tilhlökkun og kemur þar margt til. Kennari okkar í umdæmisstjóraskólanum í Detroit, sagði að það hefðu verið sínar ánægjulegustu stundir sem umdæmistjóri að heimsækja klubbana og heyra og sjá hvað þeir voru að fást við. Sömu sögu hafa einnig nokkrir forverar mínir hér heima sagt mér. Lionsklubbarnir, og þeir eru margir, eru að fást við jafnmismunandi verkefni, sem öll ber að sama brunni, það „að leggja öðrum lið“.

Þannig er ég viss um að ég mun víða að mér dýrmætri reynslu og hafsjó af fróðleik í heimsóknum mínum til klubbanna.

Fjáraflanir

Ég vil gjarnan koma því á framfæri að klubbarnir reisi sér ekki hurðarás



Geir Hauksson.

um öxl í fjáröflunum og verkefnavali sínu, það getur orðið til þess fólk gefist upp og flosni burt úr klubbunum en þess eru því miður dæmi.

Verkefni þurfa ekki endilega krefjast mikils fjár, þau geta einnig verið í formi vinnuframlags ýmiss konar og eru mörg dæmi þess að klúbbar vinni að allskonar verkefnum í sínu samfélagi. „Lions leggjum lið“.

Fjölgun

Ef allir klúbbar hefðu að markmiði að taka inn 1-2 nýja félagar á ári værum við í góðum málum. Það hefur gefið góða raun að hver klubbfélagi taki með sér gest og velji þá helst fundi sem eru fróðlegir og skemmtilegir. „Maður á mann“.

Einnig verður að gæta þess að halda vel utan um nýju félagana svo þeir hætti ekki fljótleiga aftur. Þess þekkjum mörg dæmi, því miður, .

L.C.I.F.

Ég vil minna félagana á alþjóða-

hjálparsjóðinn L.C.I.F. sem er langstærsti árangur sem Lionshreyfingin hefur náð. Hafa sannarlega margir notið góðs af framlögum úr þeim sjóði m.a. við Íslendingar. Framlög stór og smá hafa öll sitt að segja fyrir sjóðinn.

Margir klúbbar senda árlega inn framlög sem eyrnamerkt eru væntanlegum Melvin Jones félagar. Ég vil biðja þessa klúbba að fylgjast vel með hvað þeir hafa greitt því mér er kunnugt um að suma klúbba vantar sáralítið uppá til að útnefna nýjan Melvin Jones félagar.

Alþjóðaforseti

Nýlokið er heimsókn alþjóðaforseta Clement F. Kusiak og konu hans Jeanne hingað til lands og er heimsókninni væntanlega gerð ítarleg skil á öðrum stað hér í blaðinu.

Ég vil samt geta þess að mér þótti heimsóknin takast vel og allir voru ánægðir þótt í mörgu væri að snúast. Mér fannst alþjóðaforseti hafa mikinn áhuga á þeim vetnisorkumálum sem við Íslendingar erum þátttakendur í, og óku þau hjónin m.a. í vetnisknúnum strætisvagni. Einnig

fannst Kusiak tilkomumikið að skoða Nesjavallavirkjun, enda er alþjóðaforseti vélaverkfræðingur að mennt.

Ekki virtist hann kippa sér upp við íslenskt rok og rigningu þegar hann gróðursetti tré í trjálund Lkl. Ásbjarnar, enda var vel tekið á móti öllum á eftir í herbergi Ásbirninga með harðfiski, hákarli og brennivíni.

Umdæmisfundur

Fyrsti fundur fjölumdamisráðs og umdæmisstjórna var haldinn fyrr um daginn sem alþjóðaforseti kom í heimsókn. Mörg ný andlit eru í umdæmisstjórninni þetta árið og er það eins og gerist og gengur að fólk kemur og fer en ég er viss um að þetta er góður hópur. Á fundinum voru fulltrúum afhent gögn sín og síðan voru ýmis mál og markmið rædd til undirbúnings starfsársins.

Áfram Lions

Áfram siglir Lionsfylkingin, enn er krappur mótbyr, en ég er viss um að hann hægir bráðum.

Stefán Skarphéðinsson, umdæmistjóri 109B

Fjölgun – nýliðun – fræðsla

Fjölgun / nýliðun

Mjög hefur verið hamrað á því að fjölga félögum í Lionshreyfingunni og svo langt var gengið að sumir vildu banna orðið fjölgun. Þetta varð til þess að margir fóru að nota orðið nýliðun. Hvort orðið sem er notað er markmiðið það sama að fá fleiri til liðs við Lions.

Sjálfsagt eru margar leiðir færar til að ná góðu fólki til samstarfs við okkur, en ég tel að ein leið sé áhrifaríkari en aðrar og hún er sú að við setjum okkur það markmið að bjóða einum gesti hvert á fund í klubbnum okkar í vetur. Þetta ætti að vera skylduverk hjá öllum klubbfélögum.

Síðan í framhaldinu ræðum við við gestina um klubbfundinn og



Stefán Skarphéðinsson.

bjóðum þeim á sérstakan kynningarfund um Lionsstarfið, sem stjórn klúbbsins undirbýr. Þetta köllum við aðferðina maður á mann. Aðgerðin er einföld og krefst töluverðar vinnu en er örugglega árangursrík. Árangurinn gæti orðið einn til tveir nýir félagar á klubb og miðað við 20

mannna klúbba teldist þetta vera fimm til tíu prósent aukning og allt umfram það væri mjög gott. Aukning sem næmi að meðaltali tveimur félögum á klubb yrði þá 178 félagar. Tilgangurinn með þessu er líka sá að hreyfingin gangi stöðugt í endurnýjun lífdaga og til þess þurfum við nýtt blóð og nýjar hugmyndir. Ákveðum því strax í upphafi vetrarstarfsins hverjum við viljum bjóða á fund og veljum svo góðan fund fyrir gestinn. Sterkast yrði ef klubb-

félagar veldu sama fundinn til að bjóða á svo úr yrði fjölmennur og skemmtilegur fundur.

Klubbfundir með lífsmarki

Við þurfum líka að halda í nýja félagar og ekki síður í þá sem fyrir eru. Til þess að svo verði þarf að undirbúa hvern fund vel. Dagskrá funda þarf að vera skipulögð og fundarstjórn að ganga vel fyrir sig. Flétta þarf saman fræðslu og skemmtilegheitum svo fólk fá notið þessa að sækja fundi og komi ánægt heim. Hreyfingin hefur á skipa mörgu hæfileikaríku fólki sem er tilbúið að koma á fundi eða á öðrum tímum með fræðsluefni, aðeins þarf að hafa samband við fræðslustjóra fjölumdamisins Hrund Hjaltadóttur eða fjölumdamisstjórnina. Þennan möguleika verða klubbstjórnirnar að nýta sér í þágu félaganna og starfsins í heild.

Fræðsla

Fræðsla er mjög mikilvæg fyrir klubbstarfið það eykur skilning félaganna á hreyfingunni og á að auka áhuga á starfinu og gerir það innihaldsríkara.

Þá er mikilvægt að stjórnir klúbba kynni Leiðtogaskóla Lions og hvetji félagar til að sækja um. Fræsluefni skólans er til þess fallið að nýtast fólki í leik og ekki síður daglegum störfum. Þeir sem vilja kynna sér þetta betur ættu að snúa sér til þeirra sem hafa sótt nám í skólanum og fá þeirra umsögn um námið og hverju það hefur skilað þeim.

Nóg messað í bili, en takið orð mín alvarlega og gangi ykkur vel í félagasöfnuninni og öllu ykkar starfi í vetur og í framtíðinni.

Einar Þórðarson, Lkl. Fjörgyn

Fast þeir sóttu sjóinn

Síðasti fundur síðasta starfsárs var með nokkuð sérstöku sniði. Hann var haldinn í tvennu lagi, 8. og 9. júlí í sumar og var fundarstaðurinn sjóstangaveiðiskipið Litlafell. Hafist var handa kl. 18:00 og fundarbúnaður: stígvél og regnheld og skjólgóð föt.

Kennslustund í sjóstangaveiði

Það voru 13 félagar sem lögðu í ann frá Snarfarahöfninni í Elliða-vogi í hjörtu og góðu veðri. Litlafell er hraðskreiður sportbátur með tvær Volvo Penta vélar og sveif hann eftir haffletinum í áttina að Akranesi. Jóhannes Konráð skipstjóri stýrði af miklu öryggi og greinilegt að þar fór reyndur skipper með sjómansblóð í æðum. Hásetarnir stigu ölduna og ef vel var að gáð var hægt að finna þó nokkra undiröldu sem kitlaði mann-



Gert að aflanum. Oddur Ólafsson, Jóhannes K. Jónannesson og Sigmar Steingrímsson að störfum.

skapinn. Sumir voru reyndar næmari en aðrir og gáfu mávunum heitan mat í þakklætisskyni.

Lóðað á torfur

Þegar komið var í mynni Hvalfjarðar sýndi dýptarmælirinn góðar fiskitorfur. Slegið var af, færum kastað, dorgað og dregið inn. Það var

eins og við manninn mælt, fiskur á hverjum krók. Þorskur og ýsa til skiptis og mannskapurinn kominn í bullandi veiði. Menn skiptust á að veiða og blóðga, þar til búið var að fylla fiskikassana um borð. Þá var kominn tími til að hætta og halda heim á leið.

Heimstímið

Ekki var slegið slöku við á heimstíminu. Veitingar innbyrtar og útbýrtar á víxl og allir undu glaðir við sitt. Gert var að aflanum og þá var aftur veisla hjá mávunum. Fiskurinn var flakaður og hlutnum skipt á milli hásetanna.

Þegar í land var komið var fleyið bundið við bryggju og allir hoppuðu frá borði með pokann sinn, glaðir að vera aftur með fast land undir fótum. Skipstjóranum var þakkað mikið fyrir frábæra sjóferð sem sýndi að

hægt er að halda klúbbfundi nánast hvar sem er, bæði skemmtilega og gefandi.

Kvæðið um Fjörgynjarmenn

*Sæmd er hverjum klúbbi að eiga sægarpa lið
Sem sigla vill um heiminn á ný Lionsmið.
Sagt hefur það verið um Fjörgynjarmenn,
fast þeir sóttu sjóinn og funda þar enn.*

*Gull að sækja í greipar þeim blágræna mar,
ekki er nema hraustmennum ætlandi þar.
Sagt hefur það verið um Fjörgynjarmenn,
fast þeir sóttu sjóinn og funda þar enn.*



Fyrst á fætur!

Góð þjónusta við viðskiptavini er mikilvægasta verkefni okkar. Nú opnum við öll útibú okkar utan verslanamiðstöðva kl. 8.30 á morgnana.

Þetta er í fyrsta sinn sem banki á Íslandi færir opnunartíma sinn fram á þennan hátt til að mæta breyttum þörfum viðskiptavina og auðvelda þeim að sinna viðskiptum sínum þegar þeim hentar best.

Taktu daginn snemma og kíktu til okkar í útibúið við Gullinbrú. Við tökum vel á móti þér.



ÍSLANDBANKI

Gunlaugur Árnason, Lkl. Stykkishólms

Lions á dönskum dögum

Hvað eru danskir dagar? Þeir finnast aðeins í Stykkishólmi einu sinni á ári og eru allt öðruvísi, en venjulegir dagar þar í bæ. Í 11 ár hafa Hólmarar haldið sína bæjarhátíð með yfirskriftinni **Danskir dagar**. Með nafngiftinni er verið að höfða til gamla tímans þegar danskt yfirbragð var yfir

Hólminum. Helstu fyrimenn bæjarins voru danskir og það þótti fint að kunna dönsku.

Gestagangur

Á dönskum dögum er í boði fjölbreytt dagskrá og með hverju árinu sem líður koma fleiri gestir til bæjarins til að taka þátt í hátíðarhöld-

unum. Aldrei hefur annar eins fjöldi heimsótt Stykkishólmi og á dönskum dögum í ágúst sl.

Sýnilegt Lionsfólk

Lionsfólk í Stykkishólmi tekur virkan þátt í dagskrá danskra daga og eru mjög sýnilegir þessa helgi. Karlaklúbburinn hefur skipulagt og stjórnað ratleik, þar sem börn og foreldrar taka þátt í að leysa þrautir á ýmsum stöðum í bænum. Vegleg verðlaun eru veitt fyrir réttar lausnir. Félagar í Lionsklúbbnum Hörpu sjá til þess að enginn verði svangur á dönskum dögum. Boðið er upp á kakó og rjómaöfflur og félagarnir hafa nóg að gera við þá þjónustu sem er um leið góð tekjulind.

„Aksjon“

Svo kemur að uppboði (Aksjon) Lionsmanna sem hefur vakið mikla athygli og þótt góð skemmtun. Hugmyndin kemur frá Norðurlöndum, en þar er vinsælt að vera með Aksjon og bjóða upp notaða muni sem geta gagnast öðrum. Lionsmenn leita til bæjarbúa sem eru jákvæðir í að gefa muni sem þeir hafa ekki lengur not fyrir. Alltaf hefur tinst til fjölbreytt flóra muna. Öllum munum er safnað saman á vörubílsvall og ekið niður í bæ. Síðan er haldið uppboð. Þar hafa Lionsmenn notið sín og komið vel til skila fyrir hvað Lions stendur. Þeir hafa náð frábærum tókum á að sýna fram á notagildi munanna, sem í boði eru, en notagildið



„Jafnvel götunöfnin báru merki danskra daga“

liggur ekki alltaf í augum uppi. En eftir leiðbeiningar Lionsmanna sjá gestir að þeir mega ekki missa af að eignast nytsama muni á góðu verði. Hefst þá kapphlaupið sem endar með því að sá sem býður hæst dettur í lukkupottinn.

Úrval muna

Ótrúlegustu munir hafa lent í höndum Lionsmanna gegnum árin og í kjölfarið endurnýjað lífdaga sína. Það þótti fengur þegar notuð jakka-föt voru boðin upp, vel taminn hestur, eða nektardanssúla. Allt kemst í réttar hendur og kaupendur minnst danskra daga og Lionsmanna með þakklæti. Það er orðtak Lionsmanna „Nefndu það bara, við munum selja það“. Það hefur gengið eftir. Innan klúbbsins höfum við eignast frábæra uppboðshaldara sem náð hafa að halda athygli gesta og pyngju þeirra opnum. Allur hagnaður af uppboði Lions rennur í líknarsjóð klúbbsins.



„Vörubílafarmar af varningi fluttar á uppboðið“. Á stólnum uppi á húsi vörubílsins situr Gunnar Svanlaugsson, yfiruppboðshaldari og skólastjóri. Með honum á pallinum eru Hjörtur Sigurðsson og Ægir Ólafsson.



„Fyrsta annað og..... og fjölumdamisstjórinn, sem var á staðnum, hreppti stólinn“.



Svona verður ekki gert á fastandi maga. Á myndinni eru Anna Sigríður Guðmundsdóttir, Gyða Steinsdóttir, Ósk Bergþórsdóttir, Ásta Jónsdóttir, Erna Guðmundsdóttir og Ingibjörg Ólafsdóttir.

Pór Steinarsson segir frá gestakomu Koma Íranna

Helgina 23.–26. apríl komu 24 Lionsfélagar úr Castlebar Lions Club í helgarferð til landsins. Hópurinn gisti á Hótel Loftleiðum og notaði m.a. tækifærið til að versla, fara í vélsleðaferð, í Bláa lónið og í kynnisferð um Reykjavík. Í umdæmi 105-I, Írland, eru 113 klúbbar með um 2800 félagar.

Hópurinn kom til landsins föstudaginn 23. apríl. Hörður Sigurjónsson, fjölmúðmisstjóri og Þór Steinarsson, alþjóðasamskiptastjóri, hittu írsku Lionsfélagana þá um kvöldið á Hótel Loftleiðum. Írunum var gerð grein fyrir starfi Lionshreyfingarinnar hérlandis og eins gerði Irala Duffy formaður klúbbsins grein fyrir starfi hans. Í klúbbunum eru milli 40 og 50 félagar og fara þeir árlega í helgarferð til að efla félagsandann. Oftast fer um helmingur félaga í hverja ferð.

Að lokum var skipst á gjöfum. Hörður afhenti Irala Duffy fjölmúðmisstjóra sinn og Þór afhenti fána Einars Þórðarsonar, umdæmisstjóra í 109 B. Irala Duffy færði Herði fána Castlebar Lions Club og forlata glerdisk sem búið var að áletra með kveðju frá Castlebar klúbbnum til íslenskra Lionsfélaga.

Síðar um kvöldið var haldið á Kaffi Reykjavík þar sem Írunum var boðið uppá drykk á Ísbarnum. Eftir gott spjall á Kaffi Reykjavík dreifðist síðan hópurinn og sýndist undirrituðum að stór hluti írsku Lionsfélaganna tækju stefnuna á veitingahúsið Dubliners til að komast í írsku stemmingu.

Þeim sem vilja fræðast meira um írsku Lionsfélagana er bent á heimasíðu klúbbsins http://www.castlebar.ie/clubs/lions_club/ eða <http://www.lionsclubs.ie>



Hörður Sigurjónsson, Irala Duffy og Þór Steinarsson.



Hörður skenkir Írunum á Ísbarnum.

Þú fjárfestir í meiri lífsgæðum ef þú kaupir DUX rúm



DUX 7007
20 ára ábyrgð

DUXIANA®
ADVANCED TECHNOLOGY IN SLEEPING

www.dux.se

The DUX® Bed



DUX 12:12



DUX 2003

DUXIANA
Háþróaður svefnbúnaður
Ármúla 10
Sími 568 9950

klæddu þig vel



Kringlan Reykjavík - Lækjargata 4 Reykjavík - Faxafen 12 Reykjavík
Miðhraun 11 Garðabæ - Glerárgata 32 Akureyri og söluaðilar um land allt.

VISA

4000 0014 3456 7899

Með á nótunum...

Menning og listir á visa.is

Skráðu þig á póstlista á visa.is og þú færð send ferðatilboð og fríðindi tengd menningu og listum, sem aðeins bjóðast VISA-korthöfum.

HVAÐ SEM FRAMTÍÐIN FÆRIR.
VISA UM ALLA FRAMTÍÐ

